

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hörgársveit.

Breyting á deiliskipulagi þéttbýlis Lónsbakka.

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á fundi sínum 15. ágúst 2024 breytingu á deiliskipulagi þéttbýlis Lónsbakka.

Breytingin á deiliskipulaginu felur í sér að skilgreindar eru íbúðarlóðir fyrir einbýlis- og fjölbýlis-hús í landi Lónsár þar sem áður var gert ráð fyrir ferðaþjónustulóð. Auk þess er gert ráð fyrir verslunar- og þjónustulóð austast í landi Lónsár. Gert er ráð fyrir að götutenging lóðarinnar Lónsbakka breytist á þann hátt að innkeyrsla verði framvegis yfir lóðina Berghól B og að þar verði einnig grenndarstöð endurvinnslu fyrir Lónsbakkahverfi. Enn fremur er hringtorg á þjóðvegi 1 við gatnamót Lónsvegar fært inn á deiliskipulag.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. Hörgársveitar, 20. nóvember 2024,

Arnar Ólafsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 4. desember 2024